Nd. **99. Nefndarálit**

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Akureyrarkaupstað.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Sjávarútvegsnefndinni hefir verið falið að athuga frumvarp þetta. Hún hefir nú athugað það nákvæmlega á þrem fundum og komist að þeirri niðurstöðu, að það sje vel fallið til að verða gert að lögum.

Þó leggur nefndin til að smávægileg orðabreyting sje gerð á 8. grein frumvarpsins. Í frumvarpinu er notað orðið »vitagjald« um gjald það, er ætlast er til að skip gjaldi til hafnarsjóðs fyrir ljós á höfninni eða bryggjum við höfnina. En þar sem gjald það, er skip nú gjalda til landssjóðs, fyrir afnot vita og leiðarmerkja er nú í lögum vorum nefnt þessu nafni, þá gæti þetta valdið misskilningi og leggur því nefndin til, að því sje breytt í »ljósgjald«. Þá hefir og nefndin leiðrjett prentvillu er slæðst hefir inn í 14. grein frumvarpsins um sektirnar. Í frumvarpinu stendur 10—50 en átti að vera 10—500 kr. og hefir nefndin fallist á þá breytingu.

Nefndin leggur því til að háttvirt neðri deild Alþingis samþykki frumvfirpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Orðið »vitagjald« á tveim stöðum í 8. grein breytist í ljósgjald,
og 10—50 kr. í 14. grein breytist í 10—500 kr.

Neðri deild Alþingis, 24. júlí 1915.

Matth. Ólafsson, skrifari og framsögum. Skúli Thoroddsen. M. J. Kristjánsson.

Sigurður Gunnarsson. Stefán Stefánsson Eyf.

G, Eggers formaður. Þórarinn Benediktsson.